

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

5. jan. Starfsmannafundur í Prumu
6. jan. Þrettándagleði í íþróttahúsinu
7. jan. Sviðsstjórafundur
7. jan. Fundur í frístunda- og menningarnefnd
11. jan. Opinn undirbúningsfundur vegna Menningarviku
11. jan. Samsuð, fundur
13. jan. Iðan – Samráðsfundur GG, Þrumunnar, bókasafns og tónlistarskóla
14. jan. Sviðsstjórafundur
14. jan. Fundur menningarfulltrúa á Suðurnesjum
14. jan. Fundur í forvarnarteymi
18. jan. Kosningafundur í Ungmennaráð
21. jan. Sviðsstjórafundur
22. jan. Hæfileika- og söngkeppni Samsuð
25. jan. Samsuð, fundur
28. jan. Sviðsstjórafundur
29. jan. Stjórnendadagur Grindavíkurbæjar
29. jan. Söngkeppni Samfés
3. feb. Fundur í frístunda- og menningarnefnd

Glæsileg þrettándagleði 6. jan. í íþróttahúsinu

Hin árlega þrettándagleði í Grindavík verður haldin miðvikudaginn 6. janúar 2016. Að vanda munu börn ganga í hús og sníkja nammi og þá verður skemmtidagskrá í íþróttahúsinu og flugeldasýning á vegum Björgunarsveitarinnar Þorbjarnar. Dagskráin er annars eftirfarandi:

Venju samkvæmt munu börn klæða sig upp í skemmtilega búninga og ganga í hús og sníkja nammi í heimahúsum og fyrirtækjum.

Kl. 18:00 Upphitun í íþróttahúsi

Andlitsmálun í anddyri íþróttahússins á vegum Þrumunnar.

Skráning í búningakeppni. Keppnin verður þrískipt;

A) Leikskólabörn B) 1.-3. bekkur C) 4.-8. bekkur.

Myndataka (allar myndir settar á Facebooksíðu bæjarins).

Tónlist í íþróttasal. Íþróttafjör fyrir hressa krakka frá kl. 18-19.

Kl. 19:00 Dagskrá í íþróttahúsi:

- Atriði frá fimleikadeild. Álfakóngur og álfadrottning syngja. Sigga Mæja og Palli. Undirleikur: Renata Ivan.
- Atriði frá dansskóla Hörpu & Erlu.
- Söngatriði frá nemendum Tónlistarskólans.
- Sýningaratriði frá tækwondodeild UMFG.
- Útnefning á Grindvíkingi ársins.
- Úrslit í búningakeppni. Jólaveinar koma í heimsókn.

Kaffi- og eða sjoppusala í íþróttahúsinu á vegum 7. og 8. flokks karla í körfuknattleik. Allur ágóði rennur í ferðasjóð.

Kl. 20:00 Gengið fylktu liði niður að Kvik - kyndilberar

frá Hafbjörgu

Kl. 20:15 Glæsileg flugeldasýning við höfnina í boði:

Besa, Bláa Lónið, EB, þjónusta, Einhamar Seafood, Fiskmarkaður Suðurnesja, Fiskverkun ÓS, Fjórhjólævintýri, Flutningaþjónusta Sigga, GG Sigurðsson, Grindin, Grindavíkurbær, Hárhornið, Hérasubbur bakari, Hjólbarðaverkstæði Grindavíkur, Íslandsbleikja, Jón og Margeir, Jónsi Múr, Köfunarþjónusta Gunnars, Landsbankinn, Málningaþjónusta Grétars, Málningaþjónusta Rúnars, Nettó, Northern Light Inn, Olís, Palóma, Papa's Pizza, PGV-Framtíðarform, Seglasaumur Sigurjóns, Shell (Orkan), Sílfell, Sjómannafélag Grindavíkur, Sjómannastofan Vör, Sjóvá, Staðarþurrkun, Stakkavík, Tannlæknastofa Guðmundar Pálssonar, TG Raf, Tryggingamiðstöðin, Veitingahúsið Salthúsið, Vélsmiðja Grindavíkur, Vísir, Þorbjörn, Örninn GK 203.

Fréttabréfið kemur út í upphafi hvers mánaðar



GRINDAVÍKURBÆR

Sjóarinn síkátí 20 ára – Sjómannanna- og vélstj. 60 ára

Bæjarhátíðin Sjóarinn síkátí verður haldin 3.-5. júní n.k. Hún fagnar 20 ára afmæli sínu að þessu sinni en hún var fyrst haldin 1996. Svo skemmtilega vill til að Sjómannanna- og vélstjórafélag Grindavíkur fagnar 60 ára afmæli sínu í ár þannig að

það er tvöföld ástæða til þess að halda öflugra bæjarhátíð en Sjóarinn síkátí er samstarfsverkefni Grindavíkurbæjar og Sjómannanna- og vélstjórafélagsins. Undirbúningur er þegar kominn af stað og er t.d. búið að ráða Pál Óskar á

Bryggjuballið. Grindvíkingar eru hvattir til þess að huga snemma að undirbúningi Sjóarans síkátá í ár. Við skulum öll sameinast um að gera hátíðina sem veglegasta í ár. Góðar hugmyndir um dagskrárlíði eru vel þegnar.

Bókasafnið lokað á laugardögum

Vegna lítillar aðsóknar á laugardögum, hefur verið ákveðið að frá og með síðustu áramótum verður safnið ekki opið á laugardögum. Afgreiðslutími aðra daga er frá kl. 10-18. Það er alltaf hægt að biðja okkur um að framlengja lánstíma bóka með að senda tölvupóst á bokasafn@grindavik.is eða hringja í síma 420-1140.

Breytingar á gjaldskrá

Örlitlar breytingar voru gerðar á gjaldskrá bókasafnsins frá og með 1. janúar 2016. Þak dagsekta hækkar upp í 10.000 kr. á einstakling. Eftir sem áður eru engar sektir fyrir ófjárráða börn 18 ára og yngri. Aðgangur að tölvum og interneti er án endurgjalds frá og með áramótum. Einnig viljum við minna foreldra á að óheimilt er að nota skírteini barna sinna í eigin þágu.

Fjölskyldukort í sund lækkar um 35%

Árskort fullorðinna í sund lækka úr 24.000 kr. í 20.000 kr. samkvæmt nýrri þjónustugjaldskrá fyrir árið 2016 sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Árskort fjölskyldu lækkar enn meira eða úr 46.000 kr. í 30.000 og nemur lækkunin því 16.000 kr. sem er um 35%. Með þessari lækkun er verið að hvetja Grindvíkinga til þess að nýta sundið meira og þá þjónustu sem boðið er upp á í íþróttamiðstöðinni. Stakt gjald fullorðinna hækkar úr 500 kr. 520 kr.

**GRINDAVÍKURBÆR****Útgefandi: Frístunda- og menningar sviðið**

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.
thorsteinng@grindavik.is.
Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á
www.grindavik.is

Undirbúningsfundur fyrir Menningarviku 11. jan.

Opinn undirbúningsfundur fyrir Menningarvikuna á næsta ári verður haldinn mánudaginn 11. janúar n.k. kl. 20:00 á bæjarskrifstofunum. Í lok nóvember var haldinn fyrsti undir-

búningsfundurinn og tókst hann afar vel. Fjölmargar skemmtilegar og áhugaverðar hugmyndir komu fram sem tengdust t.d. handverki í sem víðasta skilningi þess

orðs. Handverksfélagið Greip vinnur að því að bjóða upp á námskeið og þá eru fleiri hugmyndir um námskeið í skoðun. Fyrirspurnir sendist á: thorsteinng@grindavik.is

Kosningafundur í Ungmennaráð 18. janúar

Hefur þú áhuga á því að taka þátt í spennandi starfi Ungmennaráðs Grinda - vikur? Í samræmi við samþykktir Ungmennaráðs er auglýst eftir framboðum í Ungmennaráðið. Nokkur framboð hafa borist og stefnir í kosningafund í Þrumunni mánudaginn 18. janúar n.k. kl. 20:00. Eftirfarandi sæti eru laus:

- 13-16 ára. Einn aðalmaður til tveggja ára. Einn varamaður til eins árs. Verði framboðendur fleiri en sæti í kjöri, skal fara

fram bein kosning meðal nemenda í Grunnskóla Grindavíkur.

- 16-18 ára. Einn aðalmaður til tveggja ára, einn varamaður til eins árs. Atkvæðisbærir eru ungmenni á aldrinum 16-18 ára með lögheimili í Grindavík.

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er m.a. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins, að gæta

hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega og að undirbúa árlegt þing ungs fólks í Grindavík í samstarfi við viðeigandi stofnanir og forstöðumenn.

Tilkynningu um framboð skal senda á netfangið thorsteinng@grindavik.is. Senda skal nafn, heimilisfang, netfang og kennitölu.

Framboðsfrestur er til og með 12. janúar 2016.

Auglýst eftir tilnefningum um Bæjarlistamann

Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar auglýsir eftir tilnefningum um Bæjarlistamann Grindavíkur 2016. Útnefningin verður tilkynnt í tengslum við Menningarviku Grindavíkur-bæjar 12.-20. mars nk. Ábendingar þurfa að hafa borist frístunda- og menningarnefnd í síðasta lagi 1. febrúar 2016 á netfangið heimasidan@grindavik.is. Nefndin óskar hér með eftir tilnefningum eða ábendingum frá Grindvíkingum um einstakling eða samtök listamanna í Grindavík, eða tengjast Grindavík á einn eða annan hátt, sem til

greina koma að bera sæmdarheitið Bæjarlistamaður ársins 2016. Listamenn sem eru, eða hafa verið búsettir í Grindavík, koma til greina. Listamenn sem ekki eru með lögheimili í Grindavík þurfa að tengjast bæjarfélaginu með einhverjum hætti. Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi. Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkur útnefnir annað hvert ár Bæjarlistamann Grindavíkur og annað hvert ár Menningarverðlaun Grindavíkur.

Bæjarlistamaður Grindavíkur:

2014 Halldór Lárusson

Menningarverðlaun Grindavíkur:

2015 Harpa Pálsdóttir

2013 Einar Lárusson

2012 Þorbjörn hf.

2011 Bryggjubræður, Aðalgeir og Kristinn Jóhannssynir

2010 Ómar Smári Ármannsson og Saltfisksetrið